



Móttökuáætlun - móttaka nýbúa

Á hverju skólaári geta nýir nemendur af erlendu bergi brotnu bæst í hópinn. Þessir nemendur koma í heimsókn ásamt foreldrum að vori í heimsókn og móttökuvíðtal og sér skólinn um að þanta túlk ef þurfa þykir.

Í heimsókninni kynnist barn og foreldrar skólaumhverfinu og hittir viðkomandi kennara sem mun hafa umsjón með barninu.

Í móttökuvíðtalinu sitja foreldrar, nemandi, túlkur, skólastjórnandi, umsjónakennari og sérkennslustjóri.

- Foreldrar fylla út upplýsingablað þar sem skráðar eru bakgrunns upplýsingar nemanda.
- Ef að nemandi er að koma beint til landsins, þarf læknisskoðun að hafa átt sér stað áður en skólaganga hefst.
- Farið er yfir kennsluskrá nemandans svo ljóst sé hvernig dagurinn gengur fyrir sig, hver skólatíminn er o.frv. sem og frístund kynnt.
- Farið er yfir skóladagatal og þá daga sem eru ekki hefðbundnir skóladagar.
- Símanúmer skólans, netföng og heimasíða kynnt.
- Sérkennslustjóri og umsjónakennari gera einstaklingsnámskrá ef þurfa þykir sem og tekin er ákvörðun hvenær nýbúakennsla fari fram og hvenær nemandi er á kjarnanum sínum. Möguleikar á að sækja um undanþágu frá kennslu í ákveðnum fögum útskýrðir og að hægt sé að sækja um undanþágu í samræmdum könnunarprófum.
- Hlutverk foreldra, foreldraframlag kynnt, heimanám og samstarf heimilis og skóla.
- Sérkennslustjóri sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um nemanda til sérgreina kennara og/eða þeirra sem að koma að kennslu nemanda í skólanum.

- Í lok viðtals er ákveðinn nýr fundur til eftirfylgni meðforeldrum, nemanda, túlki og umsjónakennara þar sem áhersla verður lögð á líðan nemanda í skólanum.
- Upplýsingastreyminu er fylgt eftir yfir allt skólaárið.